

Ársskýrsla 2008



Hagstofa Íslands

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Skýrsla yfirstjórnar	4–6
Fjármál og rekstur	7
Samstarf við notendur	8
Starfsmannamál	9–11
Tölfræði um tölfræði	12–14
Verklagsreglur	15
Afnot af gögnum	16
Erlent samstarf	17
Lög ESB um hagskýrslur	18–19
Skipurit	20–21
Útgáfur 2008	22–23

Útgefandi

Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a
150 Reykjavík

Sími: 528 1000
Netfang: upplýsingar@hagstofa.is
Veffang: www.hagstofa.is

Ábyrgðarmaður

Ólafur Hjálmarsson

Hönnun og umbrot

Hagstofa Íslands

Ljósmyndir

Brynjólfur Ólason, Guðmundur Ingólfsson,
Heiðrún Sigurðardóttir, NordicPhotos, Þorbjörg
Magnúsdóttir, Þorvaldur Örn Kristmundsson

Prentun

Oddi ehf.

Inngangur

HAGSTOFA Íslands varð sjálfstæð stofnun árið 2008 samkvæmt nýjum lögum nr. 163/2007. Hlutverk hennar er skilgreint sem miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu. Hagstofan hefur forystu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hagskýrslugerðar, svo og um samskipti við alþjóðastofnanir um hagskýrslu- og tölfræðimál. Með lögnum og í alþjóðlegum verklagsreglum er sjálfstæði hagskýrslugerðar tryggt. Hverju ríki er mikilvægt að hagskýrslugerð sé sjálfstæð og hlutlaus til að stuðla að trúverðugleika gagnvart almenningi, stjórnvöldum og alþjóðastofnunum. Í starfi Hagstofunnar er lögð rík áhersla á sjálfstæði, hlutleysi og fagleg vinnubrögð.

Tímanlegar, nákvæmar og traustar tölfræðiupplýsingar, sem eru samamburðarhæfar á milli ríkja, eru mikilvægari en nokkru sinni fyrr við þá erfiðleika sem nú eru í efnahagsmálum hér á landi og í umheiminum. Til þess að það markmið náist hefur Hagstofan

verklagsreglur í evrópskri hagskýrslugerð að leiðarljósi í sínum störfum.

Á sama tíma og kröfur til hagskýrslugerðar aukast bæði innanlands og frá alþjóðastofnunum þarf Hagstofan, eins og aðrar stofnanir, fyrirtæki og heimili, að gæta aðhalds og draga saman í rekstri. Í því felst áskorun og jafnframt tækifæri til að endurskoða starfseminna án þess að horfið verði frá þeim gildum sem starfsemin hvílir á.

Til að geta sinnt hlutverki sínu hefur Hagstofan samstarf við fjölda einstaklinga, heimila, fyrirtækja og opinbera aðila við gagnaöflun. Vilji þeirra til samstarfs og þátttöku í rannsóknum Hagstofunnar er ómetanlegur.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu áherslumálum í starfi Hagstofunnar árið 2008. Greint er frá helstu verkefnum og þeim fjármunum sem varið er til hagskýrslugerðar. ■



Ólafur Hjálmarsson,
hagstofustjóri



Skýrsla yfirstjórnar

Með nýjum lögum breyttist stjórnarsýsluleg staða Hagstofunnar og hún varð sjálfstæð stofnun

ÁRIÐ 2008 urðu þær breytingar á yfirstjórn Hagstofunnar að Ólafur Hjálmarsson tók við starfi hagstofustjóra frá 1. mars 2008, en hann var áður skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu. Hallgrímur Snorrason lét af störfum sem hagstofustjóri í árslok 2007 eftir 23 ára farsælan feril. Má fullyrða að fáir eða engir hafi haft jafnmikil áhrif á þróun hagskýrslugerðar hér á landi. Magnús S. Magnússon, staðgengill hagstofustjóra, gegndi starfinu frá 1. janúar til febrúarloka.

Í yfirstjórn Hagstofunnar eru auk hagstofustjóra Magnús S. Magnússon, staðgengill hagstofustjóra og skrifstofustjóri félagsmálasviðs, Hólmfríður Gísladóttir, fjármálastjóri, Hrafnhildur Arnkelsdóttir, skrifstofustjóri þróunar- og þjónustusviðs og Rósmundur Guðnason, skrifstofustjóri efnahagssviðs. Alls hélt yfirstjórn 27 fundi árið 2008.

SJÁLFSTÆÐ STOFNUN

Með lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð breyttist stjórnarsýsluleg staða Hagstofunnar og hún varð sjálfstæð stofnun í stað þess að vera sérstakt ráðuneyti. Með lögnum er umgjörð hagskýrslustarfsemi komið í nútímalegt horf og til samræmis við Evrópskar verklagsreglur um hagskýrslugerð og Grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna. Má segja að lagaramminn hafi verið færður að því umhverfi sem Hagstofan starfar í auk þess að skjóta styrkari stoðum undir hagskýrslugerð.

Hagstofan gefur út frétt nær hvern virkan dag ársins og um starfsemiina gilda 240 bindandi gerðir Evrópusambandsins auk innlendar lagasetningar. Venjubundin verkefni eru

þungamiðjan í starfinu þar sem safnað er og birt tölfræði um framvindu efnahags- og félagsmála í samræmi við innlendar og alþjóðlegar skuldbindingar. Til viðbótar reglubundnum verkefnum er stöðugt unnið að umbótum og þróun á þeim. Verður hér tæpt á þeim helstu.

STARFSMANNAMÁL

Snemma árs var ráðið í nýja stöðu starfsmannastjóra fyrir Hagstofuna, en helsta auðlind stofnunarinnar er sú þekking og mannaúður sem felst í starfsmönnum.

FRÆÐSLUMÁL

Á árinu var lögð áhersla á endurmenntun og kynningu á innra starfi Hagstofunnar á meðal starfsmanna. Í því skyni var samþykkt fræðsluáætlun og haldin skipulögð námskeið fyrir starfsmenn með áherslu á þá sem nýlega voru komnir til stafa. Verkefni deilda voru kynnt fyrir starfsmönnum á opnum fundum og haldnar kynningar á ýmsum viðfangsefnum Hagstofunnar.

HAGRÆÐING

Frá miðju ári var ekki ráðið í störf sem losnuðu en verkefni þess í stað endurskoðuð og færð á aðra starfsmenn. Einnig var beitt auknu aðhaldi í launaútgjöldum og öðrum rekstrarkostnaði, svo sem ferðakostnaði. Takmörk eru þó fyrir því hve langt er hægt að ganga í þeim efnum því að 70–80% af hagtölum er safnað að kröfu alþjóðastofnana, einkum Evrópusambandsins. Önnur verkefni eru samningsbundin eða ákvörðuð í íslenskum lögum.

Gerðar voru breytingar á fjármálastjórn með það að markmiði að færa ábyrgð og ákvarðanir um fjármál saman. Kostnaðarmat verkefna var tekið fast-



Hús Hagstofu Íslands, Borgartúni 21a.

ari tókum og áætlanagerð endurskoðuð meðal annars með því að skipta fjárhagsáætlun fyrir næsta ár niður á svið.

ÞJÓNUSTUJÖFNUÐUR

Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands gerðu með sér samkomulag árið 2006 um að Hagstofan tæki yfir gerð tölfræði um þjónustuviðskipti við útlönd. Sambærileg verkaskipting milli hagstofa og seðlabanka er algeng í nágrannaríkjunum. Unnið hefur verið að skipulagi þessa verkefnis og árið 2008 var lokið við að setja upp nýjan hugbúnað sem ætlað er að halda utan um það. Í kjölfar falls bankanna á haustdögum hefur innleiðingin dregist og mun henni ljúka að mestu á vordögum 2009. Gögnum um þjónustuviðskipti er safnað rafrænt frá fyrirtækjum með veflausnum sem dregur úr svarbyrði þátttakenda.

TEKJUGÖGN ÚR SKATTSKRÁM

Unnið var að gerð gagnagrunns þar sem tekjugögn úr skattskrá, sem tiltæk eru frá árinu 1981, eru sameinuð. Slíkur gagnagrunnur nýtist Hagstofunni við úrvinnslu og auðveldar vísindamönnum aðgang að tekjugögnum. Íslenski langsníðs-tekjugagnagrunnurinn (ÍLTG) inniheldur einstaklingsgögn sem fengin eru úr opinberum stjórnsýsluskrá. Gögnin ná yfir tekjur, eignir og skatta einstaklinga á ársgrundvelli og eru ætluð til langsníðsrannsókna.

HLIÐARREIKNINGAR Í FERÐAÞJÓNUSTU

Hagstofan gerði árið 2006 samning við Samgönguráðuneytið um gerð hliðarreikninga í ferðaþjónustu og framkvæmd ferðavenjurannsóknar. Hliðarreikningum í ferðaþjónustu var lokið á árinu 2008 og niðurstöðurnar gefnar út. Frágangi ferðavenjurannsóknar lýkur á árinu 2009. ►

Helsta auðlind stofnunarinnar er sú þekking og mannaúður sem felst í starfsmönnum

Hagstofan gefur út nýja frétt nær hvern virkan dag ársins

SKÝRSLUR UM ÞJÓÐHAGSREIKNINGA

Á árinu 2008 lauk frágangi tveggja umfangsmikilla skýrslna um aðferðir í íslenskum þjóðhagsreikningum fyrir EUROSTAT samkvæmt lagaskyldum sem á Hagstofunni hvíla. Skýrslurnar eru:

- Inventory of Sources and Methods. Price and Volume Measures in the Icelandic National Accounts.
- Gross National Income Inventory (ESA95) 2008.

Báðar þessar skýrslur eru tiltækar á vef Hagstofu Íslands.

RANNSÓKN Á LAUNAMUN KARLA OG KVENNA

Hinn 8. september 2008 gerðu Hagstofa Íslands, Alpýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með sér samstarfssamning um rannsókn á launamun kvenna og karla sem byggist

á gagnasafni Hagstofunnar. Hagstofan tók saman helstu aðferðir og breytur sem notaðar eru í fræðikenningum til að skýra launamun karla og kvenna og lagði fram tillögur til grundvallar útreikningi á launamun kvenna og karla. Með tillögunum var höfð hliðsjón af gagnasöfnum Hagstofunnar annars vegar og sérkennum íslenska vinnumarkaðarins hins vegar. Fyrirhugað er að verkefninu ljúki í júní 2009.

UMBÓTAVERKEFNI

Árið 2008 var gert sérstakt átak í endurskoðun á hagtölum á vef Hagstofunnar til að samræma framsetningu, bæta lýsigögn, auka framboð á hagtölum og lengja tímaraðir. Áætlað er að endurskoðun af þessu tagi verði framkvæmd reglulega. Unnið var ötullega að ýmsum öðrum gæðaverkefnum, til dæmis að samræmingu á vinnubrögðum í upplýsingatæknimálum og framkvæmd úrtaksrannsókna. ■



Yfirstjórn Hagstofu Íslands. Frá vinstri: Magnús S. Magnússon, Hrafnhildur Arnkelsdóttir, Ólafur Hjálmarsson, Rósmundur Guðnason og Hólmfríður Gísladóttir.

Fjármál og rekstur

HEILDARTEKJUR 2008 voru 823,4 milljónir króna, þar af voru framlög úr ríkissjóði 747,6 milljónir króna og sértekjur 75,8 milljónir króna, eða 9,2% af heildartekjum.

SÉRTEKJUR

Af sértekjum voru 48,5 milljónir króna vegna þjónustusamnings við Kjararannsóknarnefnd. Aðrar sértekjur eru einkum styrkir vegna verkefna sem unnin eru fyrir EUROSTAT og vegna útseldrar sérfræðipjónustu auk sölu hagskýrslna.

REKSTRARGJÖLD

Rekstrargjöld 2008 voru samtals 797,3 milljónir króna, þar af var launakostnaður 606,4 milljónir króna og önnur rekstrargjöld 191,3 milljónir króna. Stærstu þættir í öðrum rekstrargjöldum voru húsnæðiskostnaður, 70 milljónir króna, og tölvu- og kerfisfræðipjónusta, 45 milljónir króna.


Heildargjöld ársins jukust um 11,5% frá fyrra ári. Auk launa- og verðlags-hækkana má rekja aukinn kostnað til nýrra verkefna. Þá var tímabundin kostnaðaraukning vegna breytinga á húsnæði auk biðlaunakostnaðar. Til viðmiðunar hækkaði launavísitala opinberra starfsmanna um 9,1% á milli ára og almennt verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs um 12,4%.

TEKJUAFGANGUR


Um 26 milljóna króna tekjuafgangur var af rekstri Hagstofunnar. Hluti tekjuafgangs er vegna 15 milljóna króna aukafjárveitingar í fjárukalögum 2008 til að rétta af halla frá fyrra árum sem bætir stöðu eiginfjár. Eigið fé var neikvætt um 15 milljónir króna í ársbyrjun en var jákvætt um 11 milljónir í árslok. ■

Heildartekjur 2008 voru 823,4 milljónir króna, þar af voru framlög úr ríkissjóði 747,6 milljónir króna

TEKJUR



GJÖLD



REKSTRARREIKNINGUR

Milljónir króna	2007	2008
Tekjur		
Alls	713,8	823,4
Framlag úr ríkissjóði	626,8	747,6
Sértekjur	87,0	75,8
Gjöld		
Alls	715,0	797,3
Laun	524,2	606,4
Ferðakostnaður, námskeið, fundir	21,0	23,0
Rekstur	14,9	12,5
Þjónusta	66,4	66,5
Verkkaup	17,2	10,5
Húsnæðiskostnaður	63,9	70,1
Eignakaup	7,4	8,3
Tekjuafgangur/halli	-1,2	26,1

Samstarf við notendur

Samstarf við notendur er í samræmi við verklagsreglur í hagskýrslugerð

NOKKRAR ráðgjafarnefndir og notendahópar starfa í tengslum við Hagstofu Íslands, ýmist samkvæmt lögum, samningum eða að ósk Hagstofunnar. Virkt samráð við notendur er í samræmi við verklagsreglur í hagskýrslugerð og ný lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð.

VÍSITALA NEYSLUVERÐS

Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs starfar samkvæmt lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og skal hún vera Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vísitöluunnar og fylgjast með reglubundnum útreikningi hennar. Ráðgjafarnefndin hittist mánaðarlega á árinu 2008 í tengslum við birtingar á vísitölu neysluverðs.

VERÐVÍSITÖLUR

Notendahópur um verðvísitölur hefur starfað frá árinu 2005 og er markmið hans að kynna það helsta sem fram fer á þessu sviði á Hagstofunni og fá sjónarmið, ábendingar og gagnrýni frá notendum. Notendahópurinn hittist á fundi í júní 2008 þar sem kynnt var ný kjarnavísitala sem undanskilur vexti í húsnæðislíkaninu. Hópurinn ræddi jafnframt vandamál við mat á leigu. Þá var greint frá tveimur alþjóðlegum fundum um verðmæling-

ar og verðvísitölur sem Hagstofan sótti og skjölum sem þar voru lögð fram.

ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR

Notendahópur um þjóðhagsreikninga hóf störf í ársbyrjun 2005, en markmiðið með starfi hópsins er að fá ábendingar frá notendum og ræða framsetningu á efni þjóðhagsreikninga sem birt er, ábendingar um efni sem notendum finnst helst vanta eða vera ofaukið. Þar var m.a. farið yfir vinnu við tekjuskjótninguuppgerð þjóðhagsreikninga og þær breytingar sem gerðar voru á skipulagi á efnahagssviði Hagstofunnar í apríl 2008 þegar deildir opinbers búskapar og þjóðhagsreikninga voru sameinaðar í eina deild.

KJARARANNSÓKNARNEFND

Hagstofa Íslands og Kjararannsóknarnefnd gerðu með sér samstarfssamning árið 2004 um framkvæmd launarannsóknar og annarra vinnumarkaðsrannsóknar. Árlega er haldinn sameiginlegur fundur þar sem farið er yfir samstarfið. Á síðasta ársfundi voru umræður um verkefni Hagstofunnar á sviði vinnumarkaðs- og launarannsóknar og skipst á skoðunum, bæði um umfang og gæði hagskýrslugerðar. Auk þess voru lögð á ráðin um framtíðarverkefni og aðrar áherslur sem eru innan ramma gildandi samnings. ■



Starfsmannamál

STARFSMANNASTEFNA Hagstofunnar miðar að því að stofnunin sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæfa og metnaðarfulla starfsmenn og er framkvæmd hennar sameiginlegt verkefni starfsmanna og stjórnenda. Í ársbyrjun varð til ný staða starfsmannastjóra og er sá áfangi til marks um aukna áherslu stofnunarinnar á þessu mál. Unnið hefur verið að mótun verkferla sem miða að samræmdu verklagi meðal annars við framkvæmd og eftirfylgni við árleg starfsmannasamtöl.

82 ÁRSVERK

Árið 2008 voru fastráðnir starfsmenn að meðaltali 82. Meiri stöðugleiki var í starfsmannamálum árið 2008 en hafði verið árin 2006 og 2007 þegar mikil umsvif í efnahagslífinu urðu

þess valdandi að starfsmannavelta jókst. Árið 2008 var ráðið í tvö ný störf, sérfræðingsstarf við gerð þjónustujafnaðar og starf starfsmannastjóra. Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu 67 spýrlar í tímavinnu hjá Hagstofunni við innsöfnun gagna og skiluðu tæpum níu ársverkum. Ekki var ráðið í störf sem losnuðu eftir mitt ár 2008 og fækkaði ársverkum um eitt við það.

MEÐALALDUR 42 ÁR

Meðalaldur fastráðinna starfsmanna var rúm 42 ár og höfðu starfsmenn starfað að meðaltali um 6,5 ár hjá stofnuninni. Meirihluti starfsmanna er konur eða 58%. Verkefni Hagstofunnar krefjast mikillar sérhæfingar og eru um 75% starfsmanna með háskólamenntun. ►

Verkefni Hagstofunnar krefjast mikillar sérhæfingar og eru um 75% starfsmanna með háskólamenntun

Starfsmenn Hagstofu Íslands. Myndin er tekin í janúar 2008 í tilefni þess að Hallgrímur Snorrason lét af starfi hagstofustjóra 31. desember. Nokkra starfsmenn vantar á myndina.



Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu 67 spylar í tímavinnu hjá Hagstofunni við innsöfnun gagna

FRÆÐSLUÁÆTLUN


Árið 2008 var unnið eftir metnaðarfullri fræðsluáætlun sem mótuð var í samstarfi við starfsmenn. Megináhersla var lögð á nýliðafræðslu á vegum Hagstofuskólans sem er vettvangur sérsniðinn að starfsemi Hagstofunnar. Í Hagstofuskólanum eru haldnir fyrirlestrar og námskeið um ýmis mál efni sem snúa að hagskýrslugerð í alþjóðlegu samhengi. Jafnframt voru haldnar kynningar á einstökum verkefnum, niðurstöðum útreikninga

og deildum. Að auki sóttu á annan tug starfsmanna sérhæfð námskeið sem haldin voru af öðrum aðilum.


STARFSMANNADAGUR

Starfsmannadagur Hagstofunnar var haldinn í október og var viðfangsefni dagsins ágreiningur og úrlausnir hans á vinnustað. ■


FJÖLDI STARFSMANNA EFTIR KYNI



MENNTUN STARFSMANNA EFTIR KYNI



MEÐALSTARFSALDUR EFTIR STARFI



Í Hagstofuskólanum eru haldnir fyrirlestrar og námskeið um ýmis málefni sem snúa að hagskýrslugerð í alþjóðlegu samhengi



Frá starfsmannadegi.



Spyrlar Hagstofunnar sækja námskeið um innsöfnun gagna.

Tölfræði um tölfræði

Fyrirspurnir í gagnasöfn á vef hafa aukist gríðarlega síðustu ár


VEFUR Hagstofunnar gegnir veigamiklu hlutverki við miðlun á hagtölum og má þar finna mikið magn tölulegra upplýsinga um íslenskt þjóðfélag og hag einstaklinga, heimila og fyrirtækja. Notendur eru af öllum toga en undanfarin ár og misseri hefur notkun á enskum hluta vefsins aukist verulega. Frá apríl 2003 hefur vefurinn verið í virkri vefmælingu hjá Modernusi sem hefur gefið upplýsingar um gesti, heimsóknir og notkun vefsins. Notendum fjölgaði um rúm 22% milli ára 2007 og 2008.

ÞÚSUND TÖFLUR


Á vef Hagstofunnar er að finna mörg stór gagnasöfn sem notendur geta sótt sjálfir. Alls eru um þúsund töflur á íslenska hluta vefsins og svipaður fjöldi í enska hlutanum. Fyrirspurnir í gagnasöfn á vef hafa aukist gríðarlega síðustu ár. Eftirspurnin er þó mismikil eftir efnisflokkum og í sumum tilvikum eru enskar töflur meira notaðar en íslenskar.

FJÖLDI GESTA Á VEF HAGSTOFUNNAR

Skv. samræmdri vefmælingu Modernusar



FJÖLDI FRÉTTA





Í bókasafni Hagstofunnar.

392 FRÉTTIR

Árið 2008 birti Hagstofa Íslands 392 fréttir á vefsvæði sínu, þar af voru 214 íslenskar og 178 enskar, en það er tæplega 12% fjölgun frá árinu 2007.

LANDSHAGIR OG HAGTÍÐINDI


Hagtöluárbók Hagstofunnar, *Landshag-ir*, kom út á árinu í 18. sinn. Árið 2008 voru gefin út 72 hefti í ritröð Hagtíðinda en það er lítilsháttar aukning frá fyrri árum. Hagskýrslur hafa verið gefnar út á núverandi sniði síðan 2004. Listi yfir útgáfur ársins er á bls. 22–23.

TÖLFRÆÐIBÓKASAFN

Hagstofan hýsir tölfræðibókasafn sem er opið almenningi. Starfsemi safnsins hefur verið með svipuðum hætti og fyrri ár. Heildarfjöldi útlána var 474 á árinu. Árlega eru um 500 ný rit skráð í bókakostinn og er kostnaði haldið í lágmarki með því að fá stóran hluta bóka og tímarita með ritaskiptum við aðrar tölfræðistofnanir. ►

Fréttum fjölgaði um 12% frá árinu 2007

FJÖLDI FYRIRSPURNA Í TÖFLUR Í FEBRÚAR ÁR HVERT



Að meðaltali berast upplýsingaþjónustu Hagstofunnar 400 fyrirspurnir í mánuði

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA


Til upplýsingaþjónustu Hagstofunnar berast að meðaltali 400 fyrirspurnir mánaðarlega en að auki berst mikill fjöldi fyrirspurna beint til sérfræðinga á viðkomandi efnissviði.

ÚRTAKSRANNSÓKNIR

Hagstofan framkvæmir ár hvert umfangsmiklar úrtaksrannsóknir í spýrlaveri sínu. Þær rannsóknir sem snúa að einstaklingum og heimilum landsins eru vinnumarkaðsrannsókn, lífskjararannsókn, rannsókn á

notkun einstaklinga og heimila á upplýsingatækni, ferðavenjurannsókn og rannsókn á útgjöldum heimilanna. Heildarfjöldi þátttakenda var tæplega 26 þúsund á síðasta ári og svörun um 75%. Úrtaksrannsóknir sem ná til fyrirtækja eru rannsókn á notkun fyrirtækja á upplýsingatækni, iðnaðarskýrslur og launarrannsókn. Til að draga úr svarbyrði einstaklinga og fyrirtækja er lögð áhersla á að nota stjórnsýsluskrár þar sem þess er kostur til að afla gagna. ■

FJÖLDI FYRIRSPURNA TIL UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU



Vefur Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is.

Verklagsreglur

Í fyrstu grein laga um Hagstofu Íslands segir að Hagstofan sé miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hafi forystu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar, svo og um samskipti við alþjóðastofnanir á þessu sviði.

Auk laga um Hagstofuna og sérlaga um verð- og launavísitölur starfar Hagstofan í samræmi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna um grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð og ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ennfremur hefur Hagstofan sett sér eigin reglur um meðferð trúnaðargagna.

Fjölmargar reglugerðir og lög Evrópusambandsins gilda um hagskýrslugerð. Um hagskýrslugerð í aðildarríkjum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins gilda verklags-

reglur í evrópskri hagskýrslugerð sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti. Verklagsreglurnar voru birtar með auglýsingu nr. 578/2006 í B-deild Stjórnartíðinda. EUROSTAT, hagstofa Evrópusambandsins, hefur gert úttekt á því hvernig Hagstofa Íslands uppfyllir verklagsreglurnar og fylgir þeirri úttekt eftir með reglulegum heimsóknnum og könnunum.

15 MEGINREGLUR

Verklagsreglurnar eru byggðar á 15 meginreglum (sjá hér að neðan). Stjórnvöld og hagskýrslufyrirvöld Evrópusambandsins skuldbinda sig til þess að fara eftir þessum meginreglum og endurskoða framkvæmd þeirra reglubundið með því að leggja mælistikur „góðra vinnubragða“, sem miða skal við, á hverja þeirra. ■

Hagstofan starfar í samræmi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna um grundvallarreglur í opinberri hagskýrslugerð

1

Faglegt sjálfstæði

Faglegt sjálfstæði hagskýrslufirvalda gagnvart öðrum stjórnardeildum eða stofnunum sem annast stefnumótun, stjórnun eða framkvæmd mála, svo og gagnvart einkageiranum, stuðlar að trúverðuleika evrópskra hagskýrslna.

2

Heimildir til gagnasöfnunar

Hagstofur verða að hafa skýrar lagaheimildir til að safna upplýsingum til hagskýrslugerðar. Með lögum má skylda stjórnvöld, fyrirtæki, heimili og almenning til að veita hagstofum aðgang að eða láta þeim í té gögn til hagskýrslugerðar.

3

Nægilegt bolmagn

Hagskýrslufyrirvöld skulu hafa nægilegt fjármagn til að standast kröfur um gerð evrópskra hagskýrslna.

4

Gæðaskuldbindingar

Aðilar að evrópska hagskýrslukerfinu skuldbinda sig til að vinna eftir og framfylgja gæðayfirlýsingu þess.

5

Trúnaðarkvaðir við hagskýrslugerð

Fyllilega sé tryggt að friðhelgi gagnaveitenda (heimila, fyrirtækja, stjórnvalda og annarra svarenda) sé virt, að farið sé með upplýsingar sem þeir veita sem trúnaðarmál og þær eingöngu notaðar til hagskýrslugerðar.

6

Óhlutdrægni og hlutlægni

Hagstofur verða að vinna evrópskar hagskýrslur og miðla þeim af vísindalegum heilindum og á hlutlægan, faglegan og gagnsæjan hátt svo að allir notendur standi jafnt að vígi.

7

Traust aðferðafræði

Gæði hagskýrslna byggjast á traustri aðferðafræði. Þetta krefst haldgóðrar tækni, góðs verklags og sérfræðipækningar.

8

Viðeigandi verklag

Réttu verklagi verður að beita á öllum stigum hagskýrslugerðar til þess að tryggja gæði hennar.

9

Höfleg svarbyrði gagnaveitenda

Svarbyrði skal vera í samræmi við þarfir notenda og ekki íþyngja svarendum óhöflega. Hagstofur fylgist með svarbyrðinni og setji sér það markmið að draga úr henni með tímanum.

10

Hagkvæmi í rekstri

Fjármunir skulu nýttir af yfstrustu hagkvæmni.

11

Notagildi

Evrópskar hagskýrslur verða að fullnægja þörfum notenda.

12

Nákvæmni og áreiðanleiki

Evrópskar hagskýrslur skulu lýsa raunveruleikanum á nákvæman og áreiðanlegan hátt.

13

Skjótvirgni og stundvísi

Evrópskum hagskýrslum skal miðlað svo fljótt sem kostur er og á tilsettum tíma.

14

Samræmi og samanburðarhæfni

Evrópskar hagskýrslur skulu vera sjálfum sér samkvæmar, samfelldar frá tímabili til tímabils og samanburðarhæfar milli svæða og ríkja. Hægt skal vera að tengja og samnýta skyld gögn af mismunandi uppruna.

15

Aðgengi og skýrleiki

Evrópskar hagskýrslur skulu settar fram á skýru og auðskildu formi, þeim skal miðlað á hagkvæman og hentugan hátt, hafðar tiltækar og aðgengilegar á hlutlausum grunni og vera studdar lýsigögnum og leiðbeiningum.

Afnot af gögnum

Til að tryggja jafnan aðgang að upplýsingum er gerð birtingaráætlun ár hvert

TIL að tryggja jafnan aðgang að upplýsingum er gerð birtingaráætlun ár hvert og hún birt á vef Hagstofunnar þannig að notendum sé ljóst hvenær tilteknar upplýsingar verða aðgengilegar. Mikil áhersla er lögð á trúnað og fá aðilar utan Hagstofunnar almennt ekki aðgang að gögnum umfram það sem birt er almenníngi og öllum er opið á vef Hagstofunnar. Jafnframt fá starfsmenn innan stofnunarinnar ekki aðgang að upplýsingunum nema þær séu nauðsynlegur hluti af verkefnum þeirra. Sé aðila veittur aðgangur að upplýsingum áður en þær eru birtar er sérstaklega gerð grein fyrir því á vef Hagstofunnar.

TRÚNAÐARGAGNANEFND

Á Hagstofunni starfar Trúnaðargagnanefnd sem fjallar um beiðnir sem einkum berast frá vísindafólki um aðgang að trúnaðargögnum vegna rannsóknarverkefna. Strangar reglur gilda um slíkt aðgengi og er í þeim efnum byggt á verklagsreglum um meðferð trúnaðargagna frá 29. des-

ember 2006, lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, lögum og reglugerðum um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði (Vísindasiðanefnd), auk verklagsreglna í evrópskri hagskýrslugerð.

Árið 2008 tók Trúnaðargagnanefnd til umfjöllunar alls 34 erindi sem henni bárust. Langflest þeirra varða aðgengi rannsakanda að upplýsingum í dánarmeinaskrá Hagstofunnar vegna vísindarannsókna. Nefndin leggur áherslu á að fylgt sé settum verklagsreglum og að baki hverri rannsókn séu traustir bakhjarlar; að rannsóknir sem varða persónugreinanlegar upplýsingar séu tilkynntar til Persónuverndar og til Vísindasiðanefndar ef um viðkvæmar heilsufarsupplýsingar er að ræða. Samvinna við þessa aðila árið 2008 var með ágætum. ■



Erlent samstarf

HAGSTOFAN tekur virkan þátt í erlendu samstarfi við alþjóðastofnanir og við systurstofnanir sínar á Norðurlöndum. Löng hefð er fyrir samstarfinu og hefur það aukist á umliðnum árum samhliða aukinni alþjóðavæðingu og auknum kröfum um samræmdar tölfræðiupplýsingar. Helsta breytingin varð með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og mótast nú starf Hagstofunnar verulega af kröfum Evrópusambandsins (ESB).

EUROSTAT

Evrópska hagskýrslustofnunin, EUROSTAT, er samstarfsvettvangur Evrópuþjóða í hagskýrslumálum. Eru þar til umsagnar og afgreiðslu allar helstu gerðir Evrópusambandsins um hagskýrslugerð. Við EUROSTAT er starfrækt sérstök skrifstofa á vegum Fríverslunar-samtaka Evrópu (EFTA), en EFTA-ríkin koma fram sem ein heild gagnvart EUROSTAT. Hagstofustjórar EFTA mynda vinnunefnd sem stýrir samstarfi og hagsmunagæslu gagnvart EUROSTAT.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR


Sameinuðu þjóðirnar voru helsti vettvangur hagskýrslusamstarfs eftir seinna stríð og hafa verið vettvangur samræmingar og stöðlunar í tölfræði og leiðandi í gerð verklagsreglna. Meginverkefni hagskýrslugerðar á þeirra vegum var

í upphafi að samræma þjóðhagsreikninga. Stofnunin safnar margvíslegum upplýsingum um aðildarríkin og rekur til þess sérstaka hagskýrslustofnun, UNSD. Þá er samstarf um hagskýrslugerð á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), Alþjóðabankans og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Loks má nefna International Statistical Institute, ISI, sem er elsta stofnunin á sviði alþjóðasamstarfs í tölfræði. Hefur stofnunin verið leiðandi fyrir kynningu og þróun á aðferðafræði og verið vettvangur fyrir mótun staðla og flokkunarkerfa.

NORRÆNT SAMSTARF

Hagstofa Íslands hefur tekið þátt í samstarfi Norðurlandanna frá árinu 1927. Samstarf Norðurlandanna nær yfir vinnunefndir um tiltekin mál og útgáfu á sameiginlegri tölfræðihandbók fyrir Norðurlöndin. Samstarf Norðurlandanna hefur síðustu ár í æ ríkara mæli tengst samstarfi við EUROSTAT. ■

Norrænt samstarf á sér lengri sögu en bæði EUROSTAT og Sameinuðu þjóðirnar og hefur Ísland tekið þátt í samstarfi Norðurlandanna frá árinu 1927




Lög ESB um hagskýrslur

Í árslok voru nærri 240 laga-gerðir sem varða hagskýrslugerð í gildi í EES-samningnum

TAFLAN sem hér fylgir sýnir yfirlit yfir þær hagskýrslugerðir Evrópusambandsins (ESB) sem samþykktar voru árið 2008 og eru bindandi á Evrópska efnahags-svæðinu (EES). Þegar gerðir ESB („gerðir“ er samheiti yfir tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og tilmæli og aðrar reglur frá ESB) hafa verið samþykktar eru þær teknar upp í EES-samninginn. Gerðirnar eru annars vegar samþykktar af þingi og ráði ESB og hins vegar af framkvæmdastjórn ESB. Þær gerðir sem framkvæmdastjórn ESB samþykkir eru oftast nánari úfærsla á framkvæmd laga

sem þingið og ráðið hefur samþykkt. Árið 2008 samþykkti þing og ráð ESB alls 14 gerðir í hagskýrslugerð og framkvæmdastjórnin samþykkti það ár 15 gerðir, samtals 29 gerðir. Í árslok voru nærri 240 laga-gerðir sem varða hagskýrslugerð í gildi í EES-samningnum. Frá því að samningurinn um EES tók gildi í upphafi árs 1994 hafa verið teknar í samninginn 290 hagskýrslugerðir, en 50 þeirra hafa fallið úr gildi, oftast vegna breytinga og viðbótar-ákvæða fyrir hagskýrslugerðina. ■

FJÖLDI ESB-GERÐA EFTIR GILDISTÖKU MIÐAÐ VIÐ 2008



NÝJAR EES/ESB-GERÐIR Í HAGSKÝRSLUGERÐ ÁRIÐ 2008

	Númer ESB-lagatexta	
Almennt		
Um trúnaðargögn og meðferð þeirra	1101/2008	PCR
Um aðgengi vísindafólks að trúnaðargögnum	606/2008	CR
Um stofnun ráðgjafarnefndar ESB í hagskýrslugerð	235/2008	PCR
Efnahagsmál		
Fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar. Ný rammalöggjöf	177/2008	PCR
Hagtölur um fiskeldi. Ný rammalöggjöf	762/2008	PCR
Flokkun afurða eftir atvinnugreinum. Ný rammalöggjöf	451/2008	PCR
Hagtölur um upplýsingasamfélagið	960/2008	CR
Hagtölur um framleiðslustarfsemi fyrirtækja	295/2008	PCR
Skammtímahagtölur. Viðbætur við reglugerð 1165/98	472/2008	CR
Umbætur í hagtölugerð um fyrirtæki og utanríkisverslun	1297/2008	PCR
Gæðaskýrslur vegna hagtalna um greiðslujöfnuð	1055/2008	CR
Starfsemi fyrirtækja erlendis. Flokkun samkvæmt ÍSAT2008	747/2008	CR
Starfsemi fyrirtækja erlendis. Undanþágulisti	364/2008	CR
Breyting á reglugerð um skammtímahagtölur	1178/2008	CR
Flutningar vöru og farþega á sjó	861/2008	CD
Félagsmál		
Félagsvernd. Skilgreiningar og flokkanir	10/2008	CR
Hagtölur um laus störf. Rammalöggjöf	453/2008	PCR
Hagtölur um laus störf. Um gæðaskýrslur og árstíðaleiðréttingar	1062/2008	CR
Vinnumarkaðsrannsókn. Viðauki: Innflytjendur og afkomendur þeirra	391/2008	CR
Vinnumarkaðsrannsókn. Viðauki: Þegar ungt fólk fer á vinnumarkað	207/2008	CR
Vinnumarkaðsrannsókn. Aukarannsóknir árin 2010–2012	365/2008	CR
Vinnumarkaðsrannsókn. Um afhendingu gagna til ESB	377/2008	CR
Evrópska lífskjararannsóknin. Aukarannsókn 2009 um efnislegan skort	362/2008	PCR
Heilbrigðisskýrslur og vinnuvernd.	1338/2008	PCR
Manntal og húsnæðisrannsókn.	763/2008	PCR
Hagtölur um menntun, fullorðinsfræðslu, mannauð o.fl.	452/2008	PCR
Landbúnaður		
Könnun á framleiðslustarfsemi í landbúnaði	1166/2008	PCR
Búreikningar í landbúnaði	212/2008	CR
Orkumál		
Hagtölur um orkumál. Rammalöggjöf	1099/2008	PCR

„Gerðir“ er samheiti yfir tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og tilmæli og aðrar reglur frá Evrópusambandinu

Skammstafanir: CR = Framkvæmdastjórn ESB; PCR = Þing/ráð ESB.

Skipurit

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu

HAGSTOFA Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg mál-efni. Hagstofan skiptist í þrjú svið, efnahagssvið, félagsmálasvið og þjónustu- og þróunarsvið, auk yfirstjórnar.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri, rekstur og fjármál heyra beint undir hann.

EFNAHAGSSVIÐ

Á efnahagssviði starfar framleiðslu- og fyrirtækjadeild að hagskýrslugerð um fyrirtæki, afla, iðnaðarframleiðslu, gistinætur, notkun upplýsingatækni og fleira. Utanríkisverslunardeild starfar að úrvinnslu gagna um útflutning, innflutning og vöruskiptin við útlönd. Vísitöludeild vinnur vísitölu neysliverðs, vísitölu byggingarkostnaðar, vísitölu framleiðsluverðs og skyldar verðvísitölur. Þá sér deildin um alþjóðlegan verðsam- burð (PPP) og frágang og útgáfu á niðurstöðum úr útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Deild um þjóðhagsreikninga og opinber fjármál vinnur að framleiðslu- og ráðstöfunaruppgjöri þjóðhagsreikninga, gerð ársfjórðungsreikninga, tekjuathugunum, gerð hagvísu og annast hagskýrslugerð um búskap hins opinbera og tekjuskiptingu. Rósmundur Guðnason er skrifstofustjóri efnahagssviðs.


FÉLAGSMÁLASVIÐ

Á félagsmálasviði starfar atvinnu- og félagsmáladeild að hagskýrslugerð um vinnumarkað, lífskjör og félagsmál, heilbrigðismál, stöðu kynja, dómsmál og umhverfismál. Launa- og kjaramáladeild annast söfnun og úrvinnslu gagna um kaup og kjör og launakostnað. Mannfjölda- og manntalsdeild annast skýrslugerð um mannföldann og breytingar hans. Mennta- og menningarmáladeild safnar og vinnur úr gögnum um nemendur og skólamál, menningarmál og fjölmiðla. Magnús S. Magnússon er skrifstofustjóri félagsmálasviðs og er hann jafnframt staðgengill hagstofustjóra.

ÞJÓNUSTU- OG ÞRÓUNARSVIÐ

Þjónustu- og þróunarsvið fæst við ýmis verkefni sem tengjast allri starfsemi Hagstofunnar. Þrjár deildir heyra undir sviðið. Könnunardeild vinnur að framkvæmd rannsókna og annarri gagnasöfnun. Upplýsingadeild annast útgáfumál, upplýsingagjöf, miðlun og birtingar á vef. Upplýsingatæknideild annast vefi Hagstofunnar og fer með allt er snertir tölvukerfi og hugbúnað Hagstofunnar. Innan sviðsins er enn fremur unnið að ýmsum þróunarmálum sem varða meðal annars hugbúnað, staðla, flokkunarkerfi og gæðamál. Starfsmannahald og fræðslumál heyra undir sviðið. Hrafnhildur Arnkelsdóttir er skrifstofustjóri þjónustu- og þróunarsviðs.

Hagstofustjóri, skrifstofustjórar og fjármálastjóri mynda yfirstjórn Hagstofunnar. ■





Hagtíðindi

Ritröðin HAGTÍÐINDI hefur komið út frá árinu 2004 með 15 ólíkum efnisflokkum auk Hagvísu. Árið 2008 voru gefin út 72 hefti en það er lítilsháttar aukning frá fyrri árum. Að meðaltali kemur út eitt hefti í viku hverri allt árið um kring. Hér á opnunni má sjá öll útgefin hefti HAGTÍÐINDA 2008 eftir efnisflokkum.

MANNFJÖLDI

Mannfjöldi 1. janúar 2008

20 bls.
Útgefið 23. apríl 2008
Umsjón: Helga Katrín Tryggvadóttir, Ólöf Garðarsdóttir, Brynjólfur Sigurjónsson
Mannfjöldi 2008:1
Hagtíðindi 93. árg. 27. tbl.

Ættleiðingar 1990–2007

12 bls.
Útgefið 29. október 2008
Umsjón: Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson, Helga Katrín Tryggvadóttir
Mannfjöldi 2008:2
Hagtíðindi 93. árg. 60. tbl.

Spá um mannfjölda 2008–2050

36 bls.
Útgefið 17. desember 2008
Umsjón: Ólöf Garðarsdóttir, Brynjólfur Sigurjónsson
Mannfjöldi 2008:3
Hagtíðindi 93. árg. 71. tbl.

LAUN, TEKJUR OG VINNUMARKAÐUR

Laun á almennum vinnumarkaði 1998–2006

36 bls.
Útgefið 31. janúar 2008
Umsjón: Margrét Vala Gylfadóttir
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2008:1
Hagtíðindi 93. árg. 6. tbl.

Vísitala launa 2007

16 bls.
Útgefið 5. mars 2008
Umsjón: Gunnar Axel Axelsson
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2008:2
Hagtíðindi 93. árg. 14. tbl.

Vísitala launakostnaðar 2007

16 bls.
Útgefið 12. mars 2008
Umsjón: Anna Sigríður Halldórsdóttir
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2008:3
Hagtíðindi 93. árg. 16. tbl.

Lágtækjumörk og tekjudreifing 2003–2005

20 bls.
Útgefið 11. apríl 2008
Umsjón: Steinn Kári Steinsson, Lárus Blöndal
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2008:4
Hagtíðindi 93. árg. 25. tbl.

Laun á almennum vinnumarkaði 2007

40 bls.
Útgefið 16. apríl 2008
Umsjón: Margrét Vala Gylfadóttir
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2008:5
Hagtíðindi 93. árg. 26. tbl.

FYRIRTÆKI OG UMSVIÐ

Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga 2003–2007

4 bls.
Útgefið 30. janúar 2008
Umsjón: Stefán Sigurðsson
Fyrirtæki og umsvif 2008:1
Hagtíðindi 93. árg. 5. tbl.

Ársreikningar fyrirtækja 2005–2006

36 bls.
Útgefið 26. júní 2008
Umsjón: Hrönn Kristinsdóttir
Fyrirtæki og umsvif 2008:2
Hagtíðindi 93. árg. 43. tbl.

SJÁVARÚTVEGUR

Fiskiskipastóllinn í árslok 2007

16 bls.
Útgefið 27. febrúar 2008
Umsjón: Stefán Sigurðsson
Sjávarútvegur 2008:1
Hagtíðindi 93. árg. 11. tbl.

Útflutningur og útlutningsframléiðsla sjávarafurða 2007

24 bls.
Útgefið 13. maí 2008
Umsjón: Árni Fannar Sigurðsson
Sjávarútvegur 2008:2
Hagtíðindi 93. árg. 33. tbl.

Hagur fiskveiða og fiskvinnslu 2005–2006

16 bls.
Útgefið 20. maí 2008
Umsjón: Gyða Þórðardóttir
Sjávarútvegur 2008:3
Hagtíðindi 93. árg. 36. tbl.

Innflutt hráefni til fiskvinnslu 2007

16 bls.
Útgefið 6. júní 2008
Umsjón: Árni Fannar Sigurðsson
Sjávarútvegur 2008:4
Hagtíðindi 93. árg. 40. tbl.

Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2007

52 bls.
Útgefið 10. júlí 2008
Umsjón: Árni Fannar Sigurðsson
Sjávarútvegur 2008:5
Hagtíðindi 93. árg. 47. tbl.

Afli erlendra ríkja við Ísland 2007 og heimsaflinn 2006

16 bls.
Útgefið 18. desember 2008
Umsjón: Magnús Kári Bergmann
Sjávarútvegur 2008:6
Hagtíðindi 93. árg. 72. tbl.

IÐNAÐUR

Verðmæti seldra framléiðsluvara 2007

12 bls.
Útgefið 1. júlí 2008
Umsjón: Hildur Kristjánsdóttir
Iðnaður 2008:1
Hagtíðindi 93. árg. 44. tbl.

FERÐAMÁL OG SAMGÖNGUR

Gistiskýrslur 2007

36 bls.
Útgefið 7. maí 2008
Umsjón: Hildur Kristjánsdóttir
Ferðamál og samgöngur 2008:1
Hagtíðindi 93. árg. 30. tbl.

Ferðaþjónustureikningar 2000–2006

44 bls.
Útgefið 10. október 2008
Umsjón: Vilborg H. Júlíusdóttir, Jóhann Rúnar Björgvinsson
Ferðamál og samgöngur 2008:2
Hagtíðindi 93. árg. 59. tbl.

UPPLÝSINGATÆKNI

Notkun heimila og einstaklinga á tölvum og interneti 2008

12 bls.
Útgefið 14. júlí 2008
Umsjón: Bylgja Árnadóttir
Upplýsingatækni 2008:1
Hagtíðindi 93. árg. 48. tbl.

Tæknibúnaður, netnotkun og rafræn viðskipti fyrirtækja 2008

4 bls.
Útgefið 14. nóvember 2008
Umsjón: Árni Fannar Sigurðsson
Upplýsingatækni 2008:2
Hagtíðindi 93. árg. 63. tbl.

VERÐLAG OG NEYSLA

Alþjóðlegur verðsamanburður, endanlegar niðurstöður fyrir 2005 og bráðabirgðaniðurstöður árið 2006

32 bls.
Útgefið 6. febrúar 2008
Umsjón: Guðrún R. Jónsdóttir
Verðlag og neysla 2008:1
Hagtíðindi 93. árg. 9. tbl.

Vísitala framléiðsluverðs 2007

20 bls.
Útgefið 6. mars 2008
Umsjón: Heiðrún Guðmundsdóttir, Lára Guðlaug Jónasdóttir
Verðlag og neysla 2008:2
Hagtíðindi 93. árg. 15. tbl.

Áfengisneysla 2007

12 bls.
Útgefið 27. mars 2008
Umsjón: Edda Hermannsdóttir
Verðlag og neysla 2008:3
Hagtíðindi 93. árg. 21. tbl.

Vísitala neysliverðs apríl 2007–2008

32 bls.
Útgefið 16. maí 2008
Umsjón: Guðrún R. Jónsdóttir
Verðlag og neysla 2008:4
Hagtíðindi 93. árg. 35. tbl.

Vísitala byggingarkostnaðar 2008

12 bls.
Útgefið 8. desember 2008
Umsjón: Heiðrún Guðmundsdóttir, Stefán Logi Sigurþórsson
Verðlag og neysla 2008:5
Hagtíðindi 93. árg. 67. tbl.


Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2005–2007

44 bls.
Útgefið 10. desember 2008
Umsjón: Guðrún R. Jónsdóttir, Finnþogi Gunnarsson, Lára Guðlaug Jónasdóttir
Verðlag og neysla 2008:6
Hagtíðindi 93. árg. 68. tbl.

UTANRÍKISVERSLUN

Útanríkisverslun með vörur 2007

24 bls.
Útgefið 9. maí 2008
Umsjón: Auður Ólína Svavarsdóttir
Útanríkisverslun 2008:1
Hagtíðindi 93. árg. 31. tbl.



Íslensk náms- og menntunarflokkun

Hagstofa Íslands vann að flokkun íslenska menntakerfisins eftir nýjum alþjóðlegum flokkunarstaðli fyrir menntun, ISCED-97, og gaf út árið 2008 undir heitinu ÍSNÁM2008.



Landshagir

Hagtöluárbók Hagstofunnar, LANDSHAGIR, kom út í 18. sinn árið 2008. LANDSHAGIR eru lykilrit fyrir opinbera hagskýrslugerð á Íslandi. Ritið skiptist í 23 kafla 2008 og í því eru 342 töflur og 44 myndrit.

ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR

Landsframleiðslan 2007

16 bls.
Útgefið 13. mars 2008
Umsjón: Stefán Þór Jansen
Þjóðhagsreikningar 2008:1
Hagtiðindi 93. árg. 17. tbl.

Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2007

8 bls.
Útgefið 13. mars 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Þjóðhagsreikningar 2008:2
Hagtiðindi 93. árg. 18. tbl.

Fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2007

12 bls.
Útgefið 14. mars 2008
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2008:3
Hagtiðindi 93. árg. 19. tbl.

Fjármál hins opinbera 2007, bráðabirgðauppgjör

48 bls.
Útgefið 17. mars 2008
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2008:4
Hagtiðindi 93. árg. 20. tbl.

Heilbrigðisútgjöld á Íslandi

44 bls.
Útgefið 2. apríl 2008
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2008:5
Hagtiðindi 93. árg. 22. tbl.

Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2008

8 bls.
Útgefið 12. júní 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Þjóðhagsreikningar 2008:6
Hagtiðindi 93. árg. 41. tbl.

Fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2008

12 bls.
Útgefið 13. júní 2008
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2008:7
Hagtiðindi 93. árg. 42. tbl.

Landsframleiðslan 2007 — endurskoðun

16 bls.
Útgefið 11. september 2008
Umsjón: Stefán Þór Jansen
Þjóðhagsreikningar 2008:8
Hagtiðindi 93. árg. 53. tbl.

Landsframleiðslan á 2. ársfjórðungi 2008

8 bls.
Útgefið 11. september 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Þjóðhagsreikningar 2008:9
Hagtiðindi 93. árg. 54. tbl.

Fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2008

12 bls.
Útgefið 15. september 2008
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2008:10
Hagtiðindi 93. árg. 55. tbl.

Fjármál hins opinbera 2007

48 bls.
Útgefið 18. september 2008
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2008:11
Hagtiðindi 93. árg. 56. tbl.

Útgjöld til fræðslumála á Íslandi

36 bls.
Útgefið 2. desember 2008
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir
Þjóðhagsreikningar 2008:12
Hagtiðindi 93. árg. 64. tbl.

Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2008

8 bls.
Útgefið 12. desember 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Þjóðhagsreikningar 2008:13
Hagtiðindi 93. árg. 69. tbl.

Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2008

12 bls.
Útgefið 15. desember 2008
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2008:14
Hagtiðindi 93. árg. 70. tbl.

HEILBRIGÐIS-, FÉLAGS- OG DÓMSMÁL

Stofnanaþjónusta og dagvistir aldraðra 2001–2006

12 bls.
Útgefið 15. febrúar 2008
Umsjón: Kristinn Karlsson
Heilbrigðis-, félags- og dómsmál 2008:1
Hagtiðindi 93. árg. 10. tbl.

SKÓLAMÁL

Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2007

40 bls.
Útgefið 22. janúar 2008
Umsjón: Konráð Ásgrímsson, Ásta M. Urbancic
Skólasmál 2008:1
Hagtiðindi 93. árg. 4. tbl.

Börn í leikskólum í desember 2007

20 bls.
Útgefið 15. maí 2008
Umsjón: Haukur Pálsson, Ásta M. Urbancic
Skólasmál 2008:2
Hagtiðindi 93. árg. 34. tbl.

Nemendur og námslok við 24 ára aldur

16 bls.
Útgefið 3. júní 2008
Umsjón: Ásta M. Urbancic
Skólasmál 2008:3
Hagtiðindi 93. árg. 37. tbl.

KOSNINGAR

Alþingiskosningar 12. maí 2007

36 bls.
Útgefið 15. janúar 2008
Umsjón: Sigríður Vilhjálmisdóttir
Kosningar 2008:1
Hagtiðindi 93. árg. 3. tbl.

HAGVÍSAR

Hagvísar í janúar 2008

12 bls.
Útgefið 3. janúar 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:1
Hagtiðindi 93. árg. 1. tbl.

Hagvísar í febrúar 2008

12 bls.
Útgefið 5. febrúar 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:2
Hagtiðindi 93. árg. 7. tbl.

Hagvísar í mars 2008

12 bls.
Útgefið 5. mars 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:3
Hagtiðindi 93. árg. 12. tbl.

Hagvísar í apríl 2008

12 bls.
Útgefið 3. apríl 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:4
Hagtiðindi 93. árg. 23. tbl.

Hagvísar í maí 2008

12 bls.
Útgefið 6. maí 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:5
Hagtiðindi 93. árg. 28. tbl.

Hagvísar í júní 2008

12 bls.
Útgefið 4. júní 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:6
Hagtiðindi 93. árg. 38. tbl.

Hagvísar í júlí 2008

12 bls.
Útgefið 3. júlí 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:7
Hagtiðindi 93. árg. 45. tbl.

Hagvísar í ágúst 2008

12 bls.
Útgefið 6. ágúst 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:8
Hagtiðindi 93. árg. 49. tbl.

Hagvísar í september 2008

12 bls.
Útgefið 3. september 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:9
Hagtiðindi 93. árg. 51. tbl.

Hagvísar í október 2008

12 bls.
Útgefið 2. október 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:10
Hagtiðindi 93. árg. 57. tbl.

Hagvísar í nóvember 2008

12 bls.
Útgefið 5. nóvember 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:11
Hagtiðindi 93. árg. 61. tbl.

Hagvísar í desember 2008

12 bls.
Útgefið 3. desember 2008
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2008:12
Hagtiðindi 93. árg. 65. tbl.

